

REGLUGERÐ

um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri skv. 8. og 9. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

2. gr.

Umsóknir og afgreiðsla þeirra.

Sækja skal um uppbætur samkvæmt reglugerð þessari hjá Tryggingastofnun ríkisins og skulu umsóknir vera á eyðublöðum stofnunarinnar eða rafrænum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar.

Um umsóknir og framkvæmd að öðru leyti fer skv. V. og VI. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 14. gr. laga um félagslega aðstoð.

3. gr.

Grundvöllur bóta.

Heimilt að greiða uppbætur samkvæmt reglugerð þessari til þeirra lífeyrisþega sem eiga lögheimili hér á landi enda uppfylli þeir önnur skilyrði fyrir greiðslum. Um almenn skilyrði og útreikning uppbóta fer samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og reglugerð þessari.

4. gr.

Endurreikningur og uppgjör bóta.

Þegar endanlegar upplýsingar um tekjur bótagreiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna fjárhæðir uppbóta samkvæmt reglugerð þessari á grundvelli þeirra upplýsinga, sbr. 16. gr. laga um almannatryggingar.

5. gr.

Tekjur.

Við útreikning heimilisuppbótar skv. II. kafla reglugerðar þessarar skal fara skv. 8. gr. laga um félagslega aðstoð, sbr. einnig 16. gr. laga um almannatryggingar.

Við útreikning uppbóta skv. III. og IV. kafla reglugerðar þessarar teljast til tekna allar skattskyldar tekjur, þar á meðal erlendar tekjur, bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, bætur samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sbr. þó 3.-4. mgr.

Við útreikning uppbóta skv. III. og IV. kafla reglugerðar þessarar skal ekki taka tillit til fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og orlofs- og desemberuppbóta frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá skal við útreikning uppbótar skv. III. kafla hvorki taka tillit til aldurstengdrar örorkuuppbótar skv. 21. gr. laga um almannatryggingar né sérstakrar uppbótar til framfærslu skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð.

Við útreikning uppbótar skv. IV. kafla skal telja til tekna 65% af tekjum lífeyrisþega. Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð skulu þó teljast að fullu til tekna við útreikning uppbótarinnar, að því undanskildu að einungis skal telja til tekna 50% af fjárhæð aldurstengdrar örorkuuppbótar skv. 21. laga um almannatryggingar og 95% af fjárhæð tekjutryggingar skv. 22. gr. sömu laga.

II. KAFLI

Heimilisuppbót.

6. gr.

Skilyrði bóta og fjárhæðir.

Heimilt er að greiða heimilisuppbót til einhleyps lífeyrisþega sem býr einn og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, sbr. 8. gr. laga um félagslega aðstöð.

Full heimilisuppbót til ellilífeyrisþega skal vera 843.804 kr. á ári. Uppbótin skal lækka um 11,9% af tekjum lífeyrisþegans, sbr. 16. gr. laga um almannatryggingar, uns hún fellur niður. Um útreikning heimilisuppbótar vegna búsetu fer skv. 1. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar og um frítekjumörk vegna tekna fer samkvæmt 1. mgr. 23. gr. sömu laga.

Full heimilisuppbót til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega skal vera 683.628 kr. á ári. Uppbótin skal lækka eftir sömu reglum og tekjutrygging samkvæmt lögum um almannatryggingar.

7. gr.

Fjárhagslegt hagræði.

Einstaklingar sem eru skráðir með sama lögheimili og eru eldri en 18 ára teljast að jafnaði hafa fjárhagslegt hagræði af sambýli eða samlögum hver við annan. Heimilisuppbót verður ekki greidd til aðila sem svo er ástatt um sem hér segir:

1. Ef umsækjandi nýtur fjárhagslegs hagræðis af því að hafa sameiginlega aðstöðu varðandi fæði eða húsnæði, t.d. sambýli á vegum félagasamtaka, ríkis og sveitarfélaga.
2. Ef umsækjandi nýtur fjárhagslegs hagræðis af sambýli við aðra aðila um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað.
3. Ef umsækjandi nýtur fjárhagslegs hagræðis af því að leigja herbergi eða húsnæði með sameiginlegri eldunaraðstöðu með öðrum.

Ef heimilismaður er á aldrinum 18-25 ára og í námi eða starfsþjálfun skulu aðrir heimilismenn þó ekki teljast hafa fjárhagslegt hagræði af sambýli eða samlögum við hann.

8. gr.

Makar heimilismanna.

Nú dvelst maki elli- eða örorkulífeyrisþega til frambúðar á dvalar- eða hjúkrunarheimili og er þá heimilt að greiða makanum sem heima býr heimilisuppbót, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum til greiðslu bóta samkvæmt reglugerð þessari.

III. KAFLI

Uppbót á lífeyri.

9. gr.

Skilyrði bóta.

Heimilt er að greiða lífeyrisþega uppbót á lífeyri vegna kostnaðar sem ekki fæst greiddur eða bættur með öðrum hætti ef sýnt þykir að hann geti ekki framfleytt sér án þess, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstöð. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér án uppbótar skal taka tillit til eigna og tekna.

Uppbót á lífeyri er einkum heimilt að greiða vegna:

1. Umönnunarkostnaðar, sem heimilishjálpi eða aðrir opinberir aðilar greiða ekki.
2. Sjúkra- eða lyfjakostnaðar og kostnaðar vegna kaupa á heyrnartæki, sem sjúkratryggingar greiða ekki.
3. Húsaleigukostnaðar, sem fellur utan húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings.
4. Dvalarkostnaðar á sambýlum og áfangastöðum, sem fengið hafa starfsleyfi frá ráðuneyti eða reka sambærilega starfsemi, ef ekki eru greiddar húsnæðisbætur.
5. Rafmagnskostnaðar vegna súrefnissíunotkunar.

10. gr.

Hámark uppbóta.

Hámark uppbótar skal vera sem hér segir:

1. 90% af lífeyri til þeirra lífeyrisþega sem eru í hjúskap eða óvígðri sambúð.

2. 70% af lífeyri til þeirra lífeyrisþega sem fá greidda heimilisuppbót.
3. 120% af lífeyri til þeirra lífeyrisþega sem eru einhleypir og njóta umönnunar.
4. 80% af lífeyri til þeirra lífeyrisþega sem greiða dvalarkostnað á sambýlum og áfangastöðum sem fengið hafa starfsleyfi frá ráðuneyti eða reka sambærilega starfsemi.

Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að greiða einhleypum lífeyrisþega, sem nýtur umönnunar og getur sýnt fram á verulegan kostnað skv. 9. gr. reglugerðar þessarar, allt að 140% uppbót á lífeyri sinn.

Heimilt er að greiða lífeyrisþega, sem nýtur uppbótar skv. 2. og 3. tl. 9. gr. reglugerðar þessarar, allt að 50% uppbót á lífeyri sinn.

Með lífeyri í 1.-3. mgr. er átt við óskerta fjárhæð örorkulífeyris skv. 4. mgr. 18. gr. laga um almannatryggingar, eins og hún er ákveðin á hverjum tíma.

11. gr.

Tekju- og eignamörk.

Uppbætur á lífeyri skulu aldrei greiddar til lífeyrisþega sem á eignir í peningum eða verðbréfum yfir 4.000.000 kr. eða hefur heildartekjur yfir 3.317.181 kr. á ári.

12. gr.

Endurskoðun réttinda.

Ákvarðanir um greiðslu uppbóta á lífeyri skulu að jafnaði vera tímabundnar. Tryggingastofnun ríkisins skal endurskoða reglulega hvort skilyrði fyrir greiðslum séu uppfyllt og fjárhæðir greiðslna. Séu gögn ekki tiltæk er heimilt að fara þess á leit við bótaþega að hann skili gögnum til staðfestingar því að skilyrði til áframhaldandi greiðslu uppbótar séu fyrir hendi.

IV. KAFLI

Sérstök uppbót til framfærslu.

13. gr.

Skilyrði bóta.

Heimilt er að greiða þeim sem fær greiddan örorku- eða endurhæfingarlífeyri sérstaka uppbót vegna framfærslu ef sýnt þykir að hann geti ekki framfleytt sér án þess, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð.

Við mat á því hvort örorku- eða endurhæfingarlífeyrisþegi sem fær greidda heimilisuppbót geti framfleytt sér án sérstakrar uppbótar skal miða við að heildartekjur, sbr. 5. gr. reglugerðar þessarar, séu undir 351.920 kr. á mánuði. Við mat á því hvort örorku- eða endurhæfingarlífeyrisþegi sem ekki fær greidda heimilisuppbót geti framfleytt sér án sérstakrar uppbótar skal miða við að heildartekjur, sbr. 5. gr. reglugerðar þessarar, séu undir 279.886 kr. á mánuði.

14. gr.

Útreikningur bóta.

Fjárhæð sérstakrar uppbótar skal nema mismun fjárhæða skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar þessarar og heildartekna eins og þær eru skilgreindar í 5. gr. reglugerðar þessarar. Reynist heildartekjur jafnháar eða hærri en fjárhæðir samkvæmt 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar greiðist ekki sérstök uppbót.

Til grundvallar útreikningi á fjárhæð sérstakrar uppbótar hvers mánaðar skal leggja 1/12 af áætluðum heildartekjum almanaksárs. Þegar heimild til greiðslu uppbótar nær aðeins til hluta úr ári skal þó miða útreikning hennar við þær tekjur sem áætlað er að aflað verði eftir að heimild til greiðslu myndaðist.

~~Fjárhæð sérstakrar uppbótar greiðist í samræmi við búsetu hér á landi, sbr. 1. mgr. 17. gr. og 4. mgr. 18. gr. laga um almannatryggingar.~~

V. KAFLI

Gildistaka.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. mgr. 9. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og 70. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2019. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1052/2009, um heimilisuppbót og frekari uppbætur á lífeyri, með síðari breytingum.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.